

## GJALDSKRÁ

### Vatnsveitu Vopnafjarðarhrepps.

## 1. gr.

*Gjaldskýlda.*

Vopnafjarðarhreppur innheimtir gjald fyrir lagningu heimæðar skv. 5. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004.

Jafnframt innheimtir sveitarfélagið vatnsgjald og notkunargjald skv. 6. og 7. gr. laganna.

## 2. gr.

*Ráðstöfun gjalda.*

Tekjum sveitarfélagsins vegna heimæðargjalds vatnsveitu skal varið til vatnsveituf framkvæmda og skal gjaldið taka mið af gerð, stærð og lengd heimæða.

Vatnsgjald, ásamt öðrum tekjum vatnsveitu, skal standa undir rekstri vatnsveitunnar, þ.m.t. fjármagnskostnaði, og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar.

## 3. gr.

*Heimæðargjald vatnsveitu.*

Heimæðargjald vatnsveitu fylgir byggingarvísitölu og er eftirfarandi:

<i>Þvermál heimæðar PE - mm</i>	<i>Verð í kr. miðast við byggingarvísitölu hvers mánaðar. Grunnvísitala er 146,4 stig í desember 2019</i>	<i>Verð í kr. pr. metra umfram 30 m</i>
32	217.673	5.938
40	292.055	7.982
50	332.012	9.021
63	375.316	10.837
75	396.072	12.751
90	588.705	16.098

Gjöldin miðast við að ídráttarrör fyrir heimlagnir hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað Vatnsveitu Vopnafjarðarhrepps við lóðarmörk, að tengistað (inntaksstað) mannvirkis, og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekinn út og samþykktur af starfsmönnum vatnsveitu.

Innifalið í heimæðargjaldi er allt að 30 metra lögn. Ef heimæð er lengri en 100 metrar þá skal samið sérstaklega um heimæðargjald. Heimæðargjald fyrir inntök > 90 mm er reiknað út hjá Vatnsveitu Vopnafjarðarhrepps.

## 4. gr.

*Aukagjöld vegna sérstakra aðstæðna.*

Við sérstakar aðstæður, s.s. vegna frosts í jörðu og sprengingar á klöpp skal greitt sérstakt álag er nemur 25% sem leggst ofan á heimæðargjald skv. 3. gr.

Þurfi að koma til dælingar vegna vatnsaga við lagningu heimæða skal lóðarhafi greiða eftirfarandi:

Vatnsdæla 3.498 kr./sólarhring

Rafstöð fyrir dælu 4.848 kr./sólarhring

Heimilt er að krefja byggingaraðila um greiðslu fyrir tengingu og aftengingu á byggingarvatni samkvæmt útlögðum kostnaði vatnsveitu. Sama gildir ef ídráttarrör vantar eða ídráttarrör reynast ónothæf.

## 5. gr.

*Vatnsgjald.*

Árlega skal greiða vatnsgjald af öllum fasteignum í sveitarfélaginu sem vatns geta notið.

Álagningarstofn gjaldsins skal vera fasteignamat viðkomandi fasteigna. Fjárhæð gjaldsins skal nema 0,3% af fasteignamati viðkomandi fasteignar, ásamt lóð.

## 6. gr.

*Notkunargjald.*

Þar sem vatn frá vatnsveitu er notað til atvinnustarfsemi eða annars en venjulegra heimilisþarfa skal innheimt sérstakt notkunargjald. Fjárhæð notkunargjalds er 44,36 kr. á rúmmetra (m<sup>3</sup>) vatns, skv. mælingu.

Notkunargjaldið tekur mið af vísitölu byggingarkostnaðar, grunnvísitala desembermánaðar 2019 er 146,4 stig. Gjaldið skal uppfært miðað við vísitöluhækkunar fjórum sinnum á ári, í mars, júní, september og desember.

Í þeim tilvikum þegar um óvenjumikil kaup á vatni er að ræða eða vatn er keypt til sérstakrar framleiðslu er heimilt að gera sérstakt samkomulag við kaupanda um endurgjald fyrir vatnið.

## 7. gr.

*Mælaleiga.*

Þeim sem greiða skulu notkunargjald skv. 6. gr. skulu látnir í té vatnsmælar. Notandi skal sjá fyrir aðstöðu fyrir mæli. Vatnsveita er eigandi mælanna og skal greidd fyrir þá ársleiga sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælaleiga á ári</i>
að 20 mm	7.681 kr.
20-24 mm	10.254 kr.
25-31 mm	12.815 kr.
32-39 mm	15.375 kr.
40-49 mm	20.496 kr.
50-74 mm	61.501 kr.
75-99 mm	66.623 kr.
100 mm og stærri	71.742 kr.

Mælaleigan tekur mið af vísitölu byggingarkostnaðar. Grunnvísitala er vísitala desembermánaðar 2019, 146,4 stig.

## 8. gr.

*Gjalddagar.*

- Heimæðargjald:* Gjalddagi heimæðargjalds vatnsveitu miðast við útgáfu byggingarleyfis. Í þeim tilvikum er lóðarhafi, með samþykki skipulags- og byggingarnefndar, nýtir lóð undir annað en byggingu miðast gjalddagi heimæðargjalds við tengingu heimæðar. Gjöldin skulu greidd eða um þau samið innan 20 daga frá gjalddaga.
- Vatnsgjald:* Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og hreppsnefnd ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.
- Notkunargjald:* Gjalddagar notkunargjalds eru á fjögurra mánaða fresti 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert. Eindagi er 20 dögum eftir gjalddaga.
- Mælaleiga:* Gjalddagi leigugjalds fyrir mæli er 1. febrúar. Eindagi er 20 dögum eftir gjalddaga.

## 9. gr.

*Greiðsluskilmálar.*

Heimilt er að semja um greiðslur heimæðargjalda vatnsveitu til allt að 18 mánaða frá gjalddaga. Allar greiðslur skulu bera almenna bankavexti.

## 10. gr.

*Innheimta o.fl.*

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds en notandi, ef hann er annar en fasteignareigandi, ber ábyrgð á greiðslu notkunargjalds.

Gjöldin njóta lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða notkunargjald að undan- genginni skriflegri aðvörun.

Notkunargjald og leigugjald fyrir mæli, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum er heimilt að taka fjárnámi.

11. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi, sem öðlast þegar gildi, er samin og samþykkt af hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps með heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og 11. gr. reglugerðar um vatns- veitur sveitarfélaga nr. 401/2005. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá Vatnsveitu Vopnafjarðar frá 13. desember 2012, ásamt breytingum frá 12. mars 2019.

*Samþykkt í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps, 11. desember 2019.*

**Þór Steinarsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2019